

✉ Re: Breyting á aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029 og tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar Brekkna, Möðruvelli 1, Kjósrhreppi.

Búið til	28.7.2022 11:04:48
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	28.7.2022 11:04:47
Tilheyrir	📁 202206-0025 - Breyting á aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029 og tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar Brekkna, Möðruvelli 1, Kjósrhreppi.

## Efni

Re: Breyting á aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029 og tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar Brekkna, Möðruvelli 1, Kjósrhreppi.

## Upplýsingar

Sent	28.7.2022 11:04:47	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

## Vinnsla

## Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	sigurdur@kjos.is, skipulag@kjos.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is

## Innihald

Góðan dag,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

-----

Tilvísun í mál nr. 202206-0025 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Kjósarhrepps, dags. 21. júní 2022, þar sem breyting á aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029 og breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar Brekkna eru auglýstar og sendar Náttúrufræðistofnun til umsagnar.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um deiliskipulag frístundabyggðar Brekkna þann 6. október 2021. Í þeirri umsögn kom fram að skipulagssvæðið væri að hluta til inn á svæði á náttúruminjaskrá þ.e.a.s. Laxárvogur og Laxá í Kjós nr. 134. Svæðið er ekki nálægt Laxárvogi en Laxá í Kjós er skammt frá og tryggja

þarf að framkvæmdir valdi ekki hættu á að mengun berist til árinna. Einnig þarf að huga að því að aukið umfang fráveitu og sorphirðu vegna uppbyggingar frístundabyggðar feli ekki í sér ógnir fyrir ána og lífríki hennar.

Einnig var bent á að jákvætt væri að stefnt sé að því að taka sérstakt tillit til vistgerða með hátt verndargildi á framkvæmdatíma og að sett sé krafa um uppgræðslu. Náttúrufræðistofnun benti á í umsókninni að huga þarf að því að ekki sé sáð ágengum framandi tegundum. Leyfi eru veitt fyrir gróðursetningu trjágróðurs. Náttúrufræðistofnun mælir með því að forðast sé að planta trjágróðri í þær vistgerðir sem metnar eru með hátt verndargildi og fjallað er um í greinargerðinni.

Deiliskipulagið sem nú er til auglýsingar og meðfylgjandi breyting á aðalskipulagi fela í sér að hluti frístundabyggðarinnar er skilgreint sem íbúðarbyggð eða þrjár lóðir, Brekkur 1, Brekkur 2 og Brekkur 8. Frístundabyggðin sem fyrir er minnkar því sem skyldi.

Náttúrufræðistofnun telur að þessi breyting sé minniháttar frá áður auglýstu deiliskipulagi enda engin breyting á skilmálum deiliskipulagsins varðandi uppbyggingu á lóðum sem um ræðir. Sömu ábendingar og komu fram í fyrri umsögn Náttúrufræðistofnunar eiga enn við að fullu.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Með kveðju,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(http://www.ni.is/\)](http://www.ni.is)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Sigurður H. Ólafsson" <sigurdur@kjos.is>  
**To:** "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "Minjastofnun Íslands" <postur@minjastofnun.is>; "eftirlit@hev.is" <eftirlit@hev.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "skrifstofa@vedur.is" <skrifstofa@vedur.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "SHS" <shs@shs.is>; "Rarik" <rarik@rarik.is>; "Kjósarveitur ehf" <kjosarveitur@kjos.is>; "Anna María Kristjánsdóttir" <annamariaspecial@gmail.com>  
**CC:** "Jóhanna Hreinsdóttir" <johanna@kjos.is>  
**Subject:** Breyting á aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029 og tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar Brekkna, Möðruvelli 1, Kjósarhreppi.  
**Date:** 21.6.2022 11:40:05

Góðan dag.

Sent til umsagnar, í samræmi við 2. mgr. 30. gr. og 4. mgr. 40. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Aðal- og deiliskipulagsstillögurnar verða kynntar almenningi með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, ásamt því að vera aðgengileg á heimasíðu og Facebooksíðu Kjósarhrepps og í anddyri hreppsskrifstofu frá 21. júní 2022.

Sjá hér <https://www.kjos.is/is/stjornsysla/kjosarhreppur/frettir/breyting-a-adalskipulagi-kjosarhrepps-2017-2029-og-tillaga-ad-breytingu-a-deiliskipulagi-fristundabyggdar-brekna-modruvelli-1-kjosrheppi> (<https://www.kjos.is/is/stjornsysla/kjosarhreppur/frettir/breyting-a-adalskipulagi-kjosarhrepps-2017-2029-og-tillaga-ad-breytingu-a-deiliskipulagi-fristundabyggdar-brekna-modruvelli-1-kjosrheppi>)

Hér með er gefin kostur á að koma á framfæri umsögnum/athugasemdum.

Óskað er eftir að umsagnirnar/athugasemdirnar berist eigi síðar en 6 vikum frá dagsetningu þessa tölvupósts.

*Kær kveðja,*

**Sigurður H. Ólafsson**

*Skipulags- og byggingarfulltrúi Kjósarhrepps*

*Sími 566 7100 / 898 2297*

*Netfang: [skipulag@kjos.is](mailto:skipulag@kjos.is) (mailto:skipulag@kjos.is)*

## Viðhengi

image001.png (5 KB)